

Lög Tinktúru

I. Kafli: Um Tinktúru, félag lyfjafræðinema

1.gr. Félagið heitir Tinktúra, félag lyfjafræðinema við Háskóla Íslands. Lögheimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2.gr. Allir stúdentar innritaðir í Lyfjafræðideild Háskóla Íslands geta orðið félagar í Tinktúru.

Félagsgjöld má innheimta einu sinni á ári og skal það gjald vera samkvæmt því sem ákveðið er á aðalfundi.

a. Engin getur orðið meðlimur Tinktúru án þess að greiða árlegt félagsgjald. Þetta á við um stjórnarmeðlimi, embættismenn og alla aðra nemendur.

3.gr. Hlutverk félagsins er að hafa forgöngu í félagslífi lyfjafræðinema við Háskóla Íslands, efla fræðslu, gæta hagsmuna þeirra í hvívetna og vera fulltrúi þeirra innan háskólans og utan. Félagið skal annast milligöngu milli lyfjafræðinema við Háskóla Íslands og annarra háskóla og gangast fyrir að afla upplýsinga um framhaldsnám.

II. Kafli: Um aðalfund

4.gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn að vori ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með auglýsingu í húsakynnum deildarinnar, á tölvupósti og á heimasíðu Tinktúru, með minnst 5 daga fyrirvara.

Aðalfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað og skulu þær ákvarðanir standa sem á honum eru teknar með meirihluta atkvæða. Atkvæðisrétt hafa meðlimir Tinktúru.

5.gr. Dagskrá aðalfundar er: 1. Skýrsla stjórnar. 2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og samþykktar. 3. Tillögur til lagabreytinga ræddar, ef nokkrar eru, og atkvæði greidd um þær. 4. Kosningar samkvæmt 16. grein laga félagsins. 5. Ákvörðun félagsgjalda. 6. Önnur mál.

III. Kafli: Um stjórn Tinktúru og embættismenn

6.gr. Stjórn félagsins er skipuð sjö félagsmönnum. 1. Formaður, 2. Varaformaður-ritari, 3. Gjaldkeri, 4. og 5. Skemmtanastjórar, 6. Samfélagsmiðlastjóri, 7. Meðstjórnandi. Atkvæði formanns skal ráða falli atkvæði jöfn. Stjórn Tinktúru hefur heimild til að vísa embættismanni úr starfi eftir skriflega áminningu ef hann uppfyllir ekki skyldur sínar. Það skal vera einróma samþykkt innan stjórnarinnar. Stjórn Tinktúru er heimilt að skipa embættismann til lengri eða skemmri tíma með samþykki viðkomandi aðila í stað þess sem vikið er úr starfi.

7.gr. Formaður félagsins er formælandi félagsins út á við. Hann boðar stjórnarfundi og stýrir þeim. Formaður er fulltrúi nemenda í deildarráði lyfjafræðideildar. Þar skal hann gæta hagsmuna lyfjafræðinema og ekki taka veigamiklar ákvarðanir né leggja þeim lið, nema að höfðu samráði við stjórn Tinktúru. Vilji formaður ekki sinna embætti í deildarráði getur hann falið öðrum nemenda það í hendur innan stjórnar Tinktúru með samþykki nemandans. Ef enginn fæst til að sinna embættinu er formaður skyldugur til að gegna því. Formaður er jafnframt áheyrnarfulltrúi í Stúdentaráði HÍ. Er formaður lýkur störfum heldur hann sæti sínu í deildarráði næsta starfsár. Undir embætti formanns fellur umsjónarmaður heimasíðu og öryggisfulltrúi. Formaður, eða annar nemandi í stjórn sem ákveðinn er í samráði við stjórn Tinktúru, skal sitja í fulltrúaráði Heilbrigðisvísindasviðs, Heiló. Í fulltrúaráðinu sitja fulltrúar allra deilda sviðsins, auk sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs sem er hluti af Stúdentaráði HÍ. Í því felst að sitja fundi einu sinni í mánuði og vera tengiliður Tinktúru við sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs.

8.gr. Varaformaður-ritari skal rita fundargerðir stjórnarfunda og kemur á framfæri fréttum af starfi félagsins. Varaformaður-ritari skal hafa umsjón með tölvupósti og ber ábyrgð á því að tölvupósti sé svarað. Útgáfa félagsskírteina og birting á lögum félagsins er á ábyrgð ritara. Varaformaður-ritari er jafnframt staðgengill formanns, ef þörf krefur. Varaformaður-ritari skal fá úthlutað 200 blaðsíðna prentkvóta af reikning Tinktúru á hverju starfsári.

9.gr. Gjaldkeri skal bera ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Hann skal halda dagbók um tekjur og útgjöld félagsins, og leggur á aðalfundi fram endurskoðaða reikninga þess. Félagatal er í höndum gjaldkera. Gjaldkeri félagsins er einnig staðgengill varaformanns-ritara ef þörf krefur.

10.gr. Skemmtanastjórar skulu hafa yfirumsjón með skemmtunum lyfjafræðideildar, svo sem að útvega vísindaferðir í samstarfi við aðra stjórnarmeðlimi og gæta þess að skipulagning atburða hefjist tímanlega. Skemmtanastjórar skulu leggja fram áætlun að skemmtunum hvefarr annar tímanlega fyrir stjórn, áætlun haustannar skal kynnt stjórn eigi síðar en 15. ágúst og áætlun vorannar eigi síðar en 15. desember.

11.gr. Samfélagsmiðlastjóri félagsins sér um að myndatökur af viðburðum félagsins og að birta myndirnar í samstarfi við umsjónarmann heimasíðu.

12.gr. Meðstjórnandi skal tilnefndur af 1. árs nemum að hausti. Starf meðstjórnanda er að stuðla að eflingu félagslífs innan lyfjafræðideildar og stuðla að því að upplýsa samnemendur sína á 1. ári um starfsemi félagsins.

13.gr. Félagslegir endurskoðendur skulu vera tveir og fara þeir yfir reikninga félagsins fyrir aðalfund. Skulu þeir yfirfara reikninga félagsins og ganga úr skugga um að fyllsta heiðarleika sé gætt við framsetningu þeirra. Þeim ber skylda til að upplýsa fundarmenn á aðalfundi ef þeir hafa einhverjar athugasemdir gert við reikninga félagsins sem að ekki hafa fengið eðlilega skýringu að þeirra mati.

14.gr. Fulltrúar erlendra samskipta eru tveir, kosinn er einn fulltrúi á hverju ári sem situr í tvö ár. Fulltrúi erlendra samskipta þjónar sem tengiliður við alþjóðleg félög lyfjafræðinema fyrir hönd lyfjafræðinema.

15.gr. Jafnréttisfulltrúi er einn, kosinn á aðalfundi ár hvert. Hlutverk jafnréttisfulltrúa er að fjalla um og hafa eftirlit með að jafnrétti sé framfylgt innan deildarinnar. Öllum ábendingum er varða jafnrétti skal koma til fulltrúans og hann kemur þeim áleiðis þangað sem við á.

16.gr. Kosning embættismanna á aðalfundi skal vera leynileg. Kosningarétt hafa allir félagsmenn Tinktúru. Kosningu skal þannig háttað: 1. Formaður, varaformaður-ritari, gjaldkeri, skemmtanastjórar og svo samfélagsmiðlastjóri skulu kosnir fyrst og í þeirri röð sem að framan greinir. Meðstjórnandi er tilnefndur af 1. árs nemum á kynningarfundi í upphafi kennsluárs. 2. Félagslegir endurskoðendur kosnir. Framboð eru einstaklingsbundin en hver kjósandi kys tvo frambjóðendur og hljóta tveir atkvæðahæstu kosningu. 3. Fulltrúar í námsnefnd. Kosið skal um einn fulltrúa úr BS námi og einn fulltrúa úr MS námi, þannig að tveir fulltrúar nemenda sitji ávallt í námsnefnd. 4. Fulltrúi erlendra samskipta kosinn. Hann skal kosinn til tveggja ára. 5.

Jafnréttisfulltrúi kosinn. 6. Kosning í önnur embætti og nefndir eftir þörfum Lyfjafræðideildar og Tinktúru. Framboð þurfa að berast stjórn Tinktúru að minnsta kosti 24 tímum fyrir aðalfund. Ef ekkert framboð berst í embætti er öllum meðlimum Tinktúru sem sitja aðalfundinn heimilt að bjóða sig fram. Einnig þarf að auglýsa embætti að minnsta kosti viku fyrir aðalfund. Ef embættismaður Tinktúru af einhverjum ástæðum hættir störfum, eða ekki fæst til þess framboð á aðalfundi er stjórn Tinktúru heimilt að skipa embættismenn utan aðalfundar til lengri eða skemmri tíma.

17.gr. Vantraust á stjórninni skal borið fram skriflega og skal minnst $\frac{1}{4}$ félagsmanna undirrita það. Stjórninni er skylt að halda félagsfund um vantraust innan tveggja vikna og skal boða til hans á sama hátt og segir til um aðalfund. Til að vantrauststillagan nái fram að ganga skal ný stjórn kosin á sama hátt og á aðalfundi.

18.gr. Stjórnin boðar til félagsfundar þegar hún telur þörf á. Stjórnin skal halda kynningarfund fyrir 1. árs nema í upphafi kennsluárs þar sem að starfsemi félagsins og lög þess eru kynnt. Allir viðkomandi embættismenn skulu sitja þann fund ásamt stjórn Tinktúru. Stjórninni er skylt að boða til fundar svo fljótt sem unnt er, og málefni krefst, ef 10 félagar eða fleiri æskja þess. Til fundar skal boðað á sama hátt og segir til um aðalfund, þó með minnst sólarhrings fyrirvara.

19.gr. Óski nemendur eftir því að skipuleggja vísindaferðir er þeim heimilt að sækja um styrk úr félagssjóði og skal sú umsókn berast skriflega eða munnlega. Stjórn Tinktúru skal taka umsóknir upp á stjórnarfundum og ákveða það hverju sinni hvort félaginu sé stætt á að greiða úr sjóðum sínum fyrir slíkar ferðir.

IV. Kafli: Um tekjur og eignir félagsins

20.gr.

1. Félagsgjald skal ákveðið á aðalfundi og sé þess getið í fundarboði. Tekjum félagsins skal varið til starfsemi þess, eftir því sem stjórnin ákveður hverju sinni.

2. Sjóðir félagsins eru tveir annar nefndur félagssjóður reikningsnúmer 301-26-057057.

Allar tekjur af rekstri félagsins skulu innfærðar á þann reikning svo sem félagsgjöld, sala á skemmtanir félagsins o.s.frv. Sá síðari er hinn svonefndi tækjasjóður reikningsnúmer 0338-13-

220203 allar tekjur af ljósritun skulu innfærðar á þann reikning, þeim peningum má verja til tækjakaupa og viðhalds á eignum félagsins.

21.gr. Reikningsár félagsins er á milli aðalfunda. Reikningum félagsins skal skilað til félagslegra endurskoðenda þess minnst 3 sólarhringum fyrir aðalfund. Þá skulu endurskoðaðir reikningar félagsins liggja frammi á aðalfundi.

V. Kafli: Um erlend samskipti

22.gr. Ef fjöldi fulltrúa Tinktúru á ráðstefnur og viðburði erlendis er takmarkaður sökum fjármagns eða annarra þátta skal forgangsraða þeim nimum sem óska eftir að fara, sem hér segir: 1. Í fyrsta forgangi eru þeir nemendur sem gegna stöðu fulltrúa erlenda samskipta. 2. Í öðrum forgangi eru embættismenn á vegum Tinktúru félags lyfjafræðinema. 3. Í þriðja forgangi eru nemar sem komnir eru lengra í námi sínu. Ef forgangur nema er jafn skal varpa hlutkesti um hver sé valinn til ferðarinnar.

23.gr. 1. Fulltrúar erlendra samskipta greiða viðkomandi ráðstefnuförum hluta eða allan ráðstefnu- og ferðakostnað eftir því sem fjármagn leyfir af reikningi erlendra samskipta. 2. Umframstyrktarfjárhæðir skulu vera geymdar á reikningi erlendra samskipta til úthlutunar næsta árs. 3. Ráðstefnufarar skulu afhenda fulltrúum erlendra samskipta yfirlit yfir styrktaraðila og styrktarfjárhæðir sem voru veittar.

VI. Kafli: Lagabreytingar og gildistaka

24.gr. Breytingar á lögum þessum verða aðeins gerðar á löglegum aðalfundi og þarf 2/3 hluta atkvæða til að samþykkja tillögur um lagabreytingar. Breytingartillögur þurfa að hafa borist stjórn félagsins skriflega einum sólarhring fyrir aðalfund. Í öllum öðrum málum nægir einfaldur meirihluti greiddra atkvæða, sé ekki annað tekið fram.

25.gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. Lagabreytingartillögur sem samþykktar eru á aðalfundi öðlast gildi eftir að aðalfundi er slitið og ný lög félagsins hafa hlotið birtingu á heimasíðu félagsins. Ber

ritari fráfaraandi stjórna ábyrgð á birtingu endurskoðaðra laga og skal það gert innan 7 sólarhringa frá aðalfundi. Stjórn er heimilt að leiðrétta augljósar stafsetningavillur eða misritanir í lögum þessum utan aðalfundar. Breytingarnar skulu þó bornar undir næsta reglulega aðalfund til staðfestingar.

VII. Kafli: Um atburði á vegum Tinktúru

26.gr Skráning á atburði Tinktúru er bindandi sólarhring fyrir ferð. Stjórn Tinktúru er heimilt að setja viðurlög gegn fjarveru á atburði.

VIII. Kafli: Aðstöðumál lyfjafræðinema

27.gr. Lyfjafræðinema hafa aðgang að sameiginlegum ísskáp í eigu Tinktúru sem er í eldhúsinu í Haga. Gegn því að hlutir sem eru geymdir í honum séu kyrfilega merktir upphafsstöfum eiganda og ári. Á föstudögum hefur stjórn nemendafélagsins leyfi til að fleygja ómerktum hlutum úr ísskápnum.